

Læknar gegn tóbaki

FÉLAGIÐ LÆKNAR GEGN TÓBAKI, kynnir ráðstefnuhald og félagsfund sem verður síðar í haust.

Ráðstefnan Loft 2002

Dagana 27.-28. september nk. verður haldin í Mývatnssveit ráðstefna um stöðu reykinga og tóbaksvarna á Íslandi. Ráðstefnan ber yfirskriftina *Loft 2002* og þar verður sérstaklega fjallað um samtalstækni um lífsstílsbreytingar. Dagskráin er í formi fyrirlestra, veggspjalda og vinnuhópa. Fyrirlesarar eru innlendir og erlendir, m.a. læknar, lögfræðingur, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og tannlæknir. Úr hópi þeirra má nefna Hans Gilljam sænskan lækni, sérfræðing í lungnasjúkdómum og klínískum tóbaksvörnum sem fjallar um þær og lýðheilsu næstu áratugi, Torgny Svensson prófessor við Karolinska Institutet en hann hefur um árabíl unnið að rannsóknum á

nikótínfíkn og fjallar um hugsanlega bólu-setningu gegn henni, Ásgeir R. Helgason sálfræðing og doktor í heilbrigðisvísindum sem fjallar um reynsluna af „reyksímum“ (quit-lines) í klínískum tóbaksvörnum. Ástæða er til að hvetja lækna úr öllum sérgreinum að sækja þessa ráðstefnu.

Skráning og nánari upplýsingar eru hjá Ferðaskrifstofu Íslands, sími: 585 4374, fax: 585 4390, netfang: bjorkb@icelandtravel.is og rafræn skráning er á: www.heilhus.is

Félagsfundur

Stefnt er að fundi í félaginu síðar í haust, sennilega í tengslum við aðalfund LÍ og verður það auglýst nánar síðar. Vilji er fyrir hendi til að efla félagið og starf þess. Þeir sem áhuga hafa á að kynna sér þetta nánar hafi samband við Pétur Heimisson petur@hsa.is eða í síma 471 1400 og 860 6830.

Stjórnin

Læknar í rekstri

Aðstoðum lækna við

- val á rekstrarformi
- stofnun félags
- bókhald
- ársreikningagerð
- skattframtalsgerð
- aðra ráðgjöf

Deloitte & Touche hf.

Stórhöfða 23
110 Reykjavík,
sími 580 3000
www.deloitte.is